

A 1915/UKK

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

**Þingmannatillaga
um að bæta samstarf á milli lýðháskóla Norðurlöndum****Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að bæta samstarf á milli lýðháskóla á Norðurlöndum til að efla norrænu tungumálin, menningu og lýðræði

Bakgrunnur

Lýðháskólar eiga rætur sínar að rekja til Danmerkur en hafa breiðst til annarra landa á Norðurlöndum. Tilgangur lýðháskóla er almenn menntun og lýðfræðsla þar sem venjulegt fólk fær innsýn í það sem gerir þátttöku í samfélaginu mögulega.

Löng hefð er fyrir lýðháskólum á Norðurlöndum en þeir hafa verið starfræktir hér í yfir 170 ár. Við á Norðurlöndum eigum sameiginleg ýmis gildi og lífsskoðanir, þar á meðal um lýðræðislegt samfélag, en víða um heim má sjá að alræði og einræði eins flokks verður æ algengara. Sjálfbær þróun og baráttan fyrir grænni heimi er sömuleiðis málaflokkur þar sem við þurfum að standa saman til að ná sem bestum árangri. Þá felst í hinum norrænu tungumálum tenging sem við verðum að standa vörð um. Við Norðurlandabúar eigum því samleið á mörgum sviðum. Allt er þetta mikilvægt í sambandi við framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar um að Norðurlönd verði samþættasta og sjálfbærasta svæði heims.

Skilningur á norrænum tungumálum er vandamál meðal ungs fólks sem í æ ríkari mæli grípur til ensku í samskiptum sínum við annað ungt fólk á Norðurlöndum þrátt fyrir að ungt fólk sé áhugasamt um norrænu málin. Með auknu samstarfi á milli norrænna lýðháskóla getum við kynnst menningu hvers annars betur og um leið aukið tungumálaskilninginn.

Sem lið í auknu samstarfi norrænna lýðháskóla leggur flokkahópur miðjumanna til að komið verði á fót skiptikerfi fyrir jafnt nemendur sem starfsfólk lýðháskólanna. Slíku kerfi er ætlað að auðvelda nemendum að sækja menntun við lýðháskóla í öðru norrænu landi, bæði með viðveru og með rafrænum hætti. Slíkt veitir tækifæri til að tileinka sér þekkingu á sögu, tungumáli og bókmenntum hinna landanna.



Í gegnum skiptikerfið eiga kennarar við lýðháskólanna einnig að geta stundað kennslu við aðra lýðháskóla á Norðurlöndum. Þannig gæti sænskur háskólakennari haldið til Noregs og til dæmis kennt þar sænskar bókmenntir, tónlist eða leiklist.

Norðurlandaráð leggur til við Norrænu ráðherranefndina að samstarf norrænna lýðháskóla verði snaraukið. Þannig öðlumst við betri þekkingu á nágrannalöndum okkar og því sem á sér stað í mismunandi greinum og fagsviðum. Um leið stuðlar þetta að því að við tryggjum að við getum átt samskipti hvert við annað á norrænum málum í framtíðinni.

Malmö, 21. mars 2022

Anders Eriksson (ÅF)

Anne Rasmussen (V)

Arman Teimouri (L)

Bertel Haarder (V)

Edmund Joensen (sb)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir (Frfl)

Hanna Katrín Friðriksson (Vr)

Heidi Greni (Sp)

Jouni Ovaska (cent)

Kathrine Kleveland (Sp)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Linda Modig (C)

Magnus Ek (C)

Mikko Kinnunen (cent)

Ola Elvestuen (V)

Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)

Per Olav Tyldum (Sp)

Simon Holmström (HI)